Nr. 16.
11. júlí.

# Lög
um
## aukatekjur landssjóðs.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Vorn:

### Fyrsti kapítuli.

Um dómsmálagjöld.

1. gr.

Fyrir stefnu skal gjalda 1 krónu, þegar málsaðili, í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil, beiðist þess, að stefna verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr.

Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 2 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir gerðir þær, er um getur í 7., 9., og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832. Fyrir frest í dómsmáli skal gjalda 1 krónu.

3. gr.

Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 4 krónur, um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir skriflega frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, skal greiða sama gjald. Fyrir að kveða upp úrskurð meðan á rekstri máls stendur skal gjalda 2 krónur fyrir hvern úrskurð.

4. gr.

Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2. gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr.

Fyrir vitnaleiðslu skal gjalda 1 krónu fyrir hvert vitni. Sama gjald skal greiða fyrir gagnspurningar. Fyrir eiðfesting vitnis skal gjalda 1 krónu.

6. gr.

Fyrir að kveðja menn í rjetti til skoðunargjörða eða annara slíkra gjörða skal gjalda 50 aura fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting matsmanna, svo og fyrir sjerhverja aðra eiðfestingu, nema um vitni sje að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra, og þegar eiðfesta skal menn þessa.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov
om
## Sportler til Landskassen.

Nr. 16.
11. Juli.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### 1ste Kapitel.

Om Gebyrer i Domssager.

§ 1.

For Stævning, naar Parten i Stedet for at udstede Kaldsseddel forlanger Stævningen udstedt under Dommerens Haand og Segl, skal der betales 1 Kr.

Samme Betaling erlægges for den i Anordning 15. August 1832 §§ 9 og 14 ommeldte Indkaldelse.

§ 2.

For Sagens Anhængiggørelse, derunder Protokollens Førelse, betales 2 Kr. Det samme Gebyr erlægges i de i Anordning 15. August 1832 §§ 7, 9 og 14 omhandlede Tilfælde. For Udsættelse af en Domssag betales 1 Kr.

§ 3.

For Sagens Paakendelse betales 4 Kr. ved Sagens Optagelse til Dom. Det samme Gebyr erlægges for den i Anordning 15. August 1832 § 6 ommeldte skriftlig udfærdigede Afvisning. For enhver under Sagens Behandling afsagt Kendelse erlægges 2 Kr.

§ 4.

For saa vidt der under samme Sag udtages flere forskellige Stævninger, blive de i §§ 1 og 2 ommeldte Gebyrer at udrede for hver Stævning især. Det i § 3 omhandlede Gebyr bliver at tilsvare af Sagsøgeren, men for saa vidt Kontrasøgsmaal finder Sted, tillige af Kontrasagsøgeren.

§ 5.

For ethvert Vidne at afhøre betales 1 Kr. For Kontrakvæstioners Fremsættelse erlægges samme Betaling. For et Vidnes Edfæstelse erlægges 1 Kr.

§ 6.

For Mænds Udmeldelse for Retten til Syns- eller andre deslige Forretninger betales foruden det i § 2 ommeldte Gebyr 50 Øre for hver udmeldt Mand, og lige saa meget betales for Edfæstelse af Vurderingsmændene saavel som for enhver anden Eds Modtagelse udenfor Vidneførsel.

Foranførte Bestemmelse gælder ogsaa om Mænds Udmeldelse til at vurdere Jordejendom til Pantsætning for Laan af umyndiges Midler samt for deres Edfæstelse.

7. gr.

Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meira en 50 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

8. gr.

Fyrir að staðfesta og innsigla rjettargjörðir eða önnur eftirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 1 krónu fyrir hvert.

9. gr.

Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 2 krónur alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í hjeraði.

Í öðrum einkalögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10. gr.

Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefur verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir rjettinum, skal sá, er þess beiðist, greiða 50 aura auk gjalds þess, er getur um í 2. gr., fyrstu málsgrein.

11. gr.

Við landsyfirdóminn skal ávalt greiða tvöfalt gjald á við það, er borga hefði átt í hjeraði.

12. gr.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin rjettargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu rjettargjöld þau, er gjafsóknarhafi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann er skyldaður með dómi til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 17. gr. laga nr. 18, 3. okt. 1903 um kosningar til alþingis, skal engin rjettargjöld greiða í hjeraði.

13. gr.

Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun frá druknun, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara fram á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

## 2. kapítuli.

### Um gjöld fyrir fógetagjörðir.

14. gr.

Fyrir kyrsetningargjörð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks- eða löggeymslugjörð, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi að eins lausafje og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárrjettindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvbr. 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnar er beiðst fyrir, eins og hjer segir:

§ 7.

Naar Sagens Værdi ikke overstiger 50 Kr., betales de i de foregaaende §§ 1—6 bestemte Gebyrer kun med det halve.

§ 8.

For Bekræftelse og Forsegling af Retsakter eller af andre Udskrifter, som udfærdiges i Akts Form, betales 1 Kr.

§ 9.

I Tyendesager betales kun i alt 2 Kr.; i Politisager, som angaa Opfostringshjælp til uægte Børn, betales intet Gebyr for Underretten.

I andre private Politisager betales de sædvanlige i de ovenstaaende Paragraffer foreskrevne Retsgebyrer.

§ 10.

For Modtagelse til Protokollen af en Deklaration om et eller andet, som ikke henhører til nogen ved Retten staaende og forhen der anhængiggjort Sag, betales af den, der fremsætter samme til at indføres, foruden Gebyr efter § 2 1. Pkt. endvidere 50 Øre.

§ 11.

Ved Overretten erlægges i alle Tilfælde det dobbelte af det Gebyr, som for samme Forretning vilde blive at erlægge ved Underretten.

§ 12.

I offentlige og beneficerede Sager bliver intet Retsgebyr at erlægge, men hvor fri Proces er forundt, bliver det Retsgebyr, som ellers den beneficerede Part skulde udrede, at tilsvare af Modparten, naar denne ved Dom findes skyldig til at betale Processens Omkostninger.

I de i Lov Nr. 18 af 3. Oktober 1903 § 17 om Valgene til Altinget omhandlede Sager erlægges intet Retsgebyr for Underretten.

§ 13.

Tingsvidner, der afholdes for at bevise Ulykkestilfælde, eller til at hjemle Præmie for druknedes Redning, behandles som offentlige Sager, men de bør ordentligvis afholdes til de sædvanlige Tingtider, saa at Udgift derved ikke paadrages det offentlige.

## 2det Kapitel.

### Om Gebyrer for Fogedforretninger.

§ 14.

For en Arrest-, Sekvestrations- eller Forbudsforretning, samt for en Eksekutions-, Udpantnings- eller Afsætningsforretning, naar samme sker i Gods, hvorunder ikke alene saa vel rørlige som urørlige Ting, men ogsaa udestaaende Gældsfordringer og andre i Lov om Eksekution af 4. November 1887 Kapitel III ommeldte Formuerettigheder indbefattes, betales i Forhold til Størrelsen af den Sum, hvorfor Forretningen foretages, saaledes:

Nr. 16.
11. júlí.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Þegar fjárhæðin er | | 50 kr. | eða minni | ............. | 1 kr. |
| — — | - frá | 50 — | til 100 kr. | ............. | 2 — |
| — — | - - | 100 — | - 200 — | ............. | 3 — |
| — — | - - | 200 — | - 400 — | ............. | 4 — |
| — — | - - | 400 — | - 600 — | ............. | 5 — |
| — — | - - | 600 — | - 800 — | ............. | 6 — |
| — — | - - | 800 — | - 1,000 — | ............. | 7 — |

og síðan ein króna í viðbót fyrir hvert heilt þúsund af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

15. gr.

Fyrir að kyrsetja mann skal gjalda 10 krónur; sjeu fjármunir jafnframt kyrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 14. gr.

16. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni, eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabrjefum (og þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga, nr. 29, 16, desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dóminum, sáttinni eða veðskuldabrjefinu, hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.

17. gr.

Fyrir lausnargjörð skal gjalda eftir 14. gr., þegar fjeð með henni er laust látið, en eftir 15. gr., sje kyrsetning manns með henni niður feld.

18. gr.

Fyrir rannsókn, sem haldin er eftir beiðni einstakra manna, skal gjalda 2 krónur.

19. gr.

Fyrir útburð manns af jörðu eða úr húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 5 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr.

Fyrir skoðun á líkamsáverka eftir beiðni einstakra manna skal gjalda 2 krónur. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr.

Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eftir lögum nr. 3, 13. janúar 1882, 5. gr. sbr. lög nr. 33, 13, desbr. 1895, og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sje kölluð aftur, eða fógeti neiti að fremja gjörðina, nema svo sje, að hærra gjald hafi greitt verið fyrir fram fyrir gjörðina, en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Naar Summen er fra | 50 Kr. | eller derunder | ......... | | | 1 Kr. |
| — - - | 50 | — til | 100 Kr. | inkl. | ...... | 2 — |
| — - - | 100 | — - | 200 | — — | ..... | 3 — |
| — - - | 200 | — - | 400 | — — | ..... | 4 — |
| — - - | 400 | — - | 600 | — — | ..... | 5 — |
| — - - | 600 | — - | 800 | — — | ..... | 6 — |
| — - - | 800 | — - | 1,000 | — — | ..... | 7 — |

og derefter 1 Kr. mere for hvert fulde Tusinde Kroner af det overskydende Beløb.

§ 15.

For Arrest paa Person betales 10 Kr., og dersom Arrest tillige sker i Gods, betales derfor efter § 14.

§ 16.

Naar Eksekution rekvireres efter flere Domme, Forlig eller tinglæste Pantebreve (under de i Lov Nr. 29 af 16. December 1885 §§ 15 og 16 fastsatte Betingelser) hos een og samme Person, betales Gebyret for hver af disse særskilt.

Naar Udlæg efter een og samme Dom, Forlig eller Pantebrev rekvireres hos flere end een Person, bør der holdes og betales en Forretning for hver Person; dog gælder dette ikke om de Tilfælde, hvor disse forskellige Individer have fælles Ejendomme, hvori Udlæg gøres. Gebyret forhøjes ikke, fordi de Ting, hvori Udlæg gøres, befinde sig paa forskellige Steder.

§ 17.

For en Relaksationsforretning betales efter § 14, naar den angaar Gods, og efter § 15, hvor en personlig Arrest derved ophæves.

§ 18.

For at iværksætte en Inkvisition efter privates Begæring betales 2 Kr.

§ 19.

For en Forretning, hvorved nogen udsættes af Jord eller Hus, som han har i Besiddelse, eller indsættes i Besiddelsen af Hus eller Jord, betales 5 Kr. Samme Betaling erlægges for andre Fogedforretninger, hvis Genstand ikke skønsmæssig kan ansættes til en vis Pengeværdi.

§ 20.

For en Synsforretning i Anledning af tilføjet Legemsbeskadigelse, naar samme sker efter privates Begæring, betales 2 Kr. For at syne fundne døde Mennesker betales intet.

§ 21.

Naar en Fogedforretning udføres af Repstyreren, forholdes efter Lov Nr. 3 af 13. Januar 1882 § 5, jfr. Lov Nr. 33 af 13. December 1895, og Lov Nr. 29 af 16. December 1885 § 14.

§ 22.

For saa vidt Gebyret lader sig forud bestemme, bør det paa Fogdens Begæring til ham betales, inden han tiltræder Forretningen, og hvis den siden tilbagekaldes, eller Forretningens Fremme nægtes, kan det erlagte ikke kræves tilbage, medmindre der skulde være forud betalt højere Gebyr, end for den udførte Forretning skulde erlægges.

Nr. 16.
11. júlí.

23. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefur slitið samvistum við eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða rjettargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sje kröfu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eftir ráðstöfun hins opinbera skal engin gjöld greiða

## 3. kapítuli.

### Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr.

Fyrir að þinglesa afsalsbrjef, veðskuldarbrjef, fjárnámsgjörð, skiftabrjef eða önnur skjöl, sem þinglesin eru, svo sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja haft á fasteignir, og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja haft á lausafje, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hjer segir:

| | |
|---|---|
| Þegar fjárhæðin er kr. 100 eða minni .............. | kr. 1,00 |
| — — - frá 100 til 500 kr. ............. | — 2,00 |
| — — - - 500 - 1,000 — ............. | — 3,00 |

og sje fjárhæðin meiri, skal gjalda 1 kr. í viðbót fyrir hvert þúsund, sem fram yfir er.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 12 kr.; þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka það fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eftir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda, sem fyrir 25 sinnum stærri fjárhæð, en sje afgjaldið áskilið æfilangt, skal gjaldið að eins talið af fimmfaldri fjárhæðinni; sje ártal tiltekið skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meira gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sje greitt andvirði, eða henni makaskift gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

25. gr.

Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafje, skal gjalda 2 kr. Sjeu þess konar skjöl þinglesin við landsyfirdóminn, skal gjalda 4 krónur.

26. gr.

Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða brjef um haft á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eftir því, hvort útgefandi þess hefur sjálfur eignarheimild fyrir

§ 23.



I beneficerede og befalede Sager, samt naar Eksekution sker efter Forlangende af nogen, hvem der i en offentlig Sag er tilkendt Erstatning, saavel som naar Underholdningsbidrag til ægte eller uægte Børn, Stedbørn, Forældre, forladte, fraseparerede eller fraskilte Hustruer eller Tyendes tilgodehavende Løn eller Kostpenge hos Husbonden ved Eksekution eller Udpantning inddrives, erlægges ikkun Gebyr, for saa vidt dette er erholdeligt hos den, hos hvem Udlæg sker, efter at den Fordring, for hvilken Forretningen foretages, er fyldestgjort.

For Fuldbyrdelse af Domme i kriminelle Sager efter offentlig Foranstaltning erlægges intet Gebyr.

## 3dje Kapitel.

### Om Betaling for Tinglysninger m. m.

§ 24.

For at tinglæse, paategne og indføre i Protokollen et Skøde, et Pantebrev, en Udlægsforretning, et Skiftebrev eller noget andet Dokument, som læses for at give Adkomst til en fast Ejendom eller derpaa lægge en Hæftelse, saa og for at tinglæse, paategne og indføre Dokumenter, som gaa ud paa Behæftelse af Løsøre, betales i Forhold til den Sums Størrelse, hvorpaa Dokumentet lyder, saaledes:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Naar Summen er... | | 100 Kr. | eller derunder......... | | 1 Kr. |
| — | - fra | 100 — | til | 500 Kr. inkl...... | 2 — |
| — | - - | 500 — | - | 1,000 — —..... | 3 — |

og er Summen højere, erlægges desuden 1 Kr. for hvert fulde Tusinde Kr. af det overskydende Beløb.

Et Gebyr af 12 Kr. erlægges, naar den Sum, hvorpaa Dokumentet lyder, er ubestemt, og Værdien ikke kan angives; ved Pantsætning for fremtidig Gæld beregnes Gebyret efter det højeste Beløb, for hvilket Pantsætningen skal gælde, hvorom Bemærkning bliver at optage i Dokumentet.

For saa vidt Summen ikke er bestemt i Penge, men i Naturalier, blive samme at beregne til Penge efter de almindelig gældende Regler.

Hvor en aarlig Afgift er betinget for ubestemt Tid, anses den som en Kapital af det 25-dobbelte Beløb, men er den betinget for Livstid, ansættes den kun til det 5-dobbelte; er det for et bestemt Antal Aar, bliver det samlede Beløb deraf at lægge til Grund, dog at det i intet Tilfælde bliver mere end det 25-dobbelte Beløb.

Overdrages en Ejendom uden Vederlag eller ved Mageskifte, bliver Værdien, for at Gebyret derefter kan bestemmes, at opgive i Dokumentet eller ved Paategning paa samme.

§ 25.

For Læsning og Protokollation af Dokumenter, hvis Genstand ikke kan ansættes til bestemt Værdi, eller som ikke gaa ud paa Erhvervelse eller Behæftelse af Gods og Ejendom, betales 2 Kr.; hvor saadan Læsning foregaar ved Landsoverretten, betales 4 Kr.

§ 26.

Rettens Betjent har, naar et Adkomst- eller Forhæftelsesdokument læses, at efterse, om Udstederen selv har Adkomst til den Ejendom eller det Gods, hvorover han

Nr. 16. 11. júlí. eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildar-brest hans eða um hið áður lesna heftingarbrjef, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 1 kr. og aldrei meira en 3 kr.; þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gera hana.

27. gr.

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbrjefabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabrjefið, skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 1 kr. og eigi meira en 6 kr.; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbrjefabókunum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni liggja, og skal hann gjalda fyrir það 2 kr.

Vottorð þau, er stjórn Landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr.

Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hina fyrstu þinglýsing, en fyrir hinar síðari hálft gjald fyrir hverja. — Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

30. gr.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriftargjörðum þeim á eigum þurfalinga og stjórnarráðs-úrskurðum um sviftingu á fjárforræði þeirra, sem greinir um í 56. og 57. gr. fátækralaganna 10. nóvbr. 1905.

## 4. kapítuli.

### Um skiftagjöld.

31. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiftaráðandi eða skiftaforstjóri án dómsvalds fer með og lýkur skiftum í, skal greiða í skiftagjöld 1½ % af öllum eigum búsins án tillits til skulda, er á því liggja.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 100 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:

Þegar eigur búsins eru eigi meiri en 1,000 kr. .......... 2 kr.
Sjeu þær meiri en 1,000 kr. .......... 4 —

33. gr.

Nú tekur skiftaráðandi bú til skiftameðferðar, en framselur það síðar erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31.

derved disponerer, eller om der forhen er læst noget, som kan betage Dokumentet sin Gyldighed eller indskrænke samme, og hvis ingen Mangel eller Forhindring findes, gives der blot Paategning om Dokumentets Læsning. Men i modsat Fald bliver der om den manglende Adkomst eller det forhen læste Forhæftelsesdokument at gøre Paategning paa Dokumentet, hvorfor betales det halve af den i § 24 fastsatte Betaling, dog i intet Tilfælde under 1 Kr. eller over 3 Kr., og naar siden denne Paategning efter erhvervet ny Oplysning eller yderligere Hjemmel udslettes, bliver atter at betale det samme som for Paategningen.



§ 27.

For et Dokument at aflyse og af Pantebogen at udslette, eller for at aflyse et paa en Panteforskrivning gjort Afdrag og derom meddele Paategning paa samme, betales det halve af det i § 24 bestemte Gebyr, dog ikke under 1 Kr. og ikke over 6 Kr., og bliver Gebyret, naar et Afdrag er gjort, at beregne i Forhold til dettes Størrelse.

§ 28.

Forlanger nogen Attest af Skøde- og Pantebøger angaaende Adkomsten til en Ejendom og de derpaa hvilende Hæftelser, bliver derfor at betale 2 Kr.

De af Landsbankens Direktion rekvirerede Attester af bemeldte Bøger angaaende de Ejendomme, hvori Laan søges, meddeles uden Betaling, for saa vidt de udelukkende skulle tjene til Bankens Brug.

§ 29.

Læses det samme Dokument i flere end eet Tingsogn inden samme Jurisdiktion, blive de i det foregaaende fastsatte Gebyrer at erlægge for den første Tinglæsning, medens Gebyrerene for hver af de øvrige Tinglæsninger udredes med Halvdelen. — For Dokumenter, der tinglæses i flere end en Jurisdiktion, erlægges ovennævnte Gebyrer i hver enkelt Jurisdiktion.

§ 30.

For Tinglæsning og Aflæsning af Sikkerhedsstillelser for Oppebørsler for Landskassen betales intet Gebyr, ej heller for Tinglæsning og Aflæsning af de i Fattiglov 10. November 1905 §§ 56 og 57 omhandlede Registrationer over Fattiglemmers Ejendele og de af Ministeriet udstedte Umyndighedsdekreter.

## 4de Kapitel.

### Om Skiftegebyrer.

§ 31.

I alle Boer, som behandles og bringes til Ende af Skifteretten eller Eksekutorer uden dømmende Myndighed, betales af Boets hele Formuemasse uden Hensyn til Gælden $1\frac{1}{2}$ pCt. i Skiftesalær.

Fritagne for Afgiften ere dog Boer, hvis Formuemasse, for Dødsboers Vedkommende efter Udredelsen af Begravelsesomkostninger, ikke udgør 100 Kr.

§ 32.

For Proklama betales, naar Boets Formue beløber

| | |
|---|---|
| indtil 1,000 Kr. inkl. | 2 Kr. |
| over 1,000 Kr. | 4 — |

§ 33.

Naar Skifteforvalteren har taget et Bo under Behandling, men Boet bliver ekstraderet enten til Arvingerne eller andre vedkommende, erlægges af den i § 31 be-

gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiftafundi, helming, ef það fer fram seinna, en þó ekki síðar en á fyrsta skiftafundi eftir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til fullnaðarskifta.

34. gr.

Þá er skiftaráðendur eða skiftaforstjórar lúka skiftum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiftalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sje rjett talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskifta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eftir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiftaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, sjeu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiftalaganna skyldir til, að láta skiftaráðanda í tje skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda að drengskap viðlögðum, yfir eigur búsins og skuldir, og má dagsektum beita, komi þeir eigi með hana. Hið sama er, þegar bú hefur verið tekið til opinberrar skiftameðferðar, en er framselt því hjóna, er eftir lifir, til þess að sitja í óskiftu búi. Nú hefur einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu á móti betri vitund landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefur verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

## 5. kapítuli.

### Um gjöld fyrir uppboðsgjörðir.

35. gr.

Almenn uppboðslaun, er ávalt skal greiða, nema þar sem eftirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 5 af hundraði.

36. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo og þilskip, — sjeu þau eigi ósjófær — hlutabrjef, skuldabrjef og aðrar skuldakröfur, leigumálarjettur og önnur þess konar rjettindi, skal gjalda í uppboðslaun:

| | |
|---|---|
| af fyrstu 10,000 kr. | 2½ % |
| af fjárhæð yfir 10,000 kr. til 20,000 Kr. | 2 — |
| af fjárhæð yfir 20,000 kr. til 100,000 kr. | 1½ — |
| af fjárhæð, sem er meiri en 100,000 kr. | 1 — |

Þegar leigumálarjettur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr.

Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð, og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af fjárhæð þeirri, sem uppboðið nemur meira en 1,000 kr., en af fyrstu 1,000 kr. skal ætíð greiða fult gjald eftir 35. gr., ákveðin eins og hjer segir:

stemte Afgift en Fjerdedel, hvis Ekstraditionen finder Sted paa den første Skiftesamling, det halve, hvis den finder Sted derefter, men dog ikke senere end paa den første Skiftesamling efter Proklamas Udløb, og tre Fjerdedele, hvis den maatte ske paa et sildigere Trin af Behandlingen, men forinden Boet er optaget til Slutning.

§ 34.

Afgiften forfalder til Betaling ved Skiftets Slutning for de Boers Vedkommende, som behandles til Ende af Skifteretten eller Eksekutorer, der hver for sig ere ansvarlige for Afgiftens rigtige Beregning og Indbetaling i disse Boer.

